

REGLUGERÐ

um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar annarra en fjölskyldubóta og fæðingarstyrks skulu hækka um 25% frá 1. apríl 1974 að telja.

Hækkunin tekur einnig til lágmarksbóta og heimildarbóta samkvæmt 19. gr., svo og greiðslna samkvæmt 73. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 5. gr. laga nr. 96/1971.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 67/1971.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 8. mars 1974.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

18. mars 1974.

Nr. 59.

REGLUGERÐ

um happdrættislán ríkissjóðs 1974, Skuldabréf D, vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið.

1. gr.

Fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, gefur út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf, samtals að fjárhæð 250 milljónir króna, skv. heimild í fjárlögum fyrir árið 1974, sbr. lög um skattalega meðferð verðbréfa o. fl., sem ríkissjóður selur innanlands, nr. 7 frá 13. mars 1974.

2. gr.

Happdrættisskuldabréf, skv. reglugerð þessari, skulu nefnd Skuldabréf D.

Þau skulu gefin út til handhafa. Verðgildi hvers skuldabréfs er 2000 krónur og eru þau í töluröð. Skuldabréfin skulu seld á nafnverði. Sala bréfanna hefst í marsmánuði 1974 og henni lýkur fyrir fyrsta útdráttardag, sem er 12. júlí 1974.

Happdrættisskuldabréfin falla í gjalddaga að 10 árum liðnum frá útgáfudegi þeirra.

3. gr.

Við innlausn happdrættisskuldabréfs greiðir ríkissjóður verðbætur á höfuðstól bréfsins í hlutfalli við þá hækkun, er kann að verða á lánstímanum á þeirri vísitölu framfærslukostnaðar, er reiknuð er 20. mars 1974, til gjalddaga 20. mars 1984. Miðað er við skráningu Hagstofu Íslands á vísitölu framfærslukostnaðar. Kauplagnesnefnd reiknar vísitölu framfærslukostnaðar, og eru núgildandi lög um hana nr. 70 frá 29. nóvember 1967, sbr. lög nr. 1 frá 30. janúar 1959. Happdrættisskuldabréfin skulu innleyst á nafnverði, þótt vísitala framfærslukostnaðar hafi á tímabilinu til 20. mars 1984 verið lægri en hún var 20. mars 1974 og sé lægri hinn 20. mars 1984. Happdrættisskuldabréfin verða ekki innleyst að hluta.

4. gr.

Rísi ágreiningur um framkvæmd ákvarða 3. gr. um greiðslu verðbóta á höfuðstól happdrættisskuldabréfanna, skal þá vísa málinu til nefndar þriggja manna, er skal þannig skipuð: Seðlabanki Íslands tilnefniur einn nefndarmanna, Hæstiréttur annan,